

**Nd. 194. Frumvarp til laga [102. mál]**

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað*: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svinavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.

Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.

26. *Höfðahérað*: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað. Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk heilbrigðismálastjórnarinnar, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð, sem samín er af oddvita Höfðahrepps: „Með skírskotun til meðfylgjandi bréfs, viljum vér leyfa oss að gera nánari grein fyrir þeim aðstæðum, sem eru þess valdandi, að vér óskum eftir skiptingu læknishéraðsins.

Í fyrsta lagi hefur Höfðakaupstaður þá sérstöðu, að þar er nú komin nokkurn veginn fullkomin höfn, sem næstum allar skipakomur eru til með vöruf lutninga

frá og til Austur-Húnavatnssýslu, og enn fremur kemur þangað mikill fjöldi skipa, sérstaklega á sumrin og raunar alla tíma árs. Getur þá oft borið til, að skip hafi meðferðis slasaðan mann, sem koma þarf í skyndi til lækniáðgerðar.

Á sumrin er að visu auðvelt að komast til Blönduóss, en á vetrum er það suma tíma með öllu ógerlegt og í flestum tilfellum mjög erfitt á þeim tímum. Er því hin mesta nauðsyn á lækni búsettum í Höfðakaupstað af þessum ástæðum.

Þá er einnig um að ræða sildarbræðslu hér á staðnum, sem vel geta orðið umfangsmikil störf við, en jafnframt slyshætta.

Auk þessa eru svo heimilisfastir íbúar í Höfðahreppi alls 620 samkvæmt síðasta manntali og þess vegna augljóst, að þörf lækni þar er mjög mikil og hefur vaxið að sama skapi sem fólki hefur fjölgað.

Skagahreppur hefur um 160 íbúa; hann er mikill að víðáttu, ca. 50 km strandlengja, sem nær alla leið norður á Skagatá. Ferðalög um þennan hrepp eru erfið alla tíma árs og þó alveg sérstaklega að vetrarlagi, því að þá er suma tíma með öllu ógerlegt að ná til lækni, sem búsettur er á Blönduósi, þegar hríðar eru miklar og ófærð, sem oft vill verða. Væri leiðin stytt um helming fyrir mestan hluta þessa hrepps, ef hann ætti kost á að sækja til lækni í Höfðakaupstað, sem þá að sjálf-sögðu yrði samlagslæknir hreppsins.

Um Vindhælishrepp má segja, að mikill hluti íbúa hans mundi vilja sækja til lækni, sem búsettur væri í Höfðakaupstað, og hafa hann fyrir samlagslækni sinn.

Þá virðist ástæða að geta þess, að fyllstu líkur benda til, að íbúar í norðurhluta Skefilsstaðahrepps myndu í mörgum tilfellum telja hagkvæmara að sækja til lækni í Höfðakaupstað, með því að leiðin þangað er mun styttri og í mörgum tilfellum greiðfærari en til Sauðárkróks.

Sérstök ástæða er að taka fram, að ríkið á hús í Höfðakaupstað, svokallað Sænska-hús, sem er stórt og rúmgott og mundi með litlum eða engum tilkostnaði vera ákjósanlegur lækni bústaður.

Þess skal getið, að Páll V. G. Kolka héraðslæknir hefur gefið kost á að hafa aðstoðarlækni, sem dveldi í Höfðakaupstað, þó með því skilyrði, að hann gæti eftir þörfum gripið til hans og enn fremur að læknir þessi mætti leysa af lækna á Hvammstanga og Hólmavík og jafnvel á Sauðárkróki. Þessi ráðstöfun mundi allsendis ónóg, því að læknirinn mundi ekki verða til staðar í Höfðakaupstað langan tíma af sumrinu og ekki heldur suma tíma vetrarins.

Þá leggjum vér jafnframt ríka áherzlu á að geta fengið læknishéraðinu skipt vegna hins mikla kostnaðar, sem nú hvílir á sjúkrasamlögnum með þátttöku í sjúkraflutningum og sjúkravitjunum, sem að sjálf-sögðu takmörkuðust mjög við hina hugsuðu breytingu, ef hún næði fram að ganga, og er þá gert ráð fyrir, að læknir í Höfðakaupstað hefði lyfsöluleyfi, svo að ekki þyrfti að vitja þeirra nauðsynja á annan stað.

Að síðustu viljum vér taka skýrt fram, að á bak við umsókn um skiptingu lækni-héraðsins liggur ekki sú hugsun að slíta við það öll tengsl. Þvert á móti. Allir hrepparnir, sem hér um ræðir, hafa skuldbundið sig til að leggja fram ákveðna fjárhæð í byggingu héraðshælisins á Blönduósi til þess að tryggja byggingu þess fyrir héraðið í heild og jafnframt til þess að vér getum átt þar athvarf fyrir sjúklinga, því að ljóst er, að í náinni framtíð verður ekki rekið sjúkrahús í Höfðakaupstað öðruvísi en til þess eins að gera þar að minni háttar sjúkdómstílfellum.

Vér treystum, að hæstvirt heilbrigðismálastjórn líti með velvild og fullum skilningi á brýnar þarfir vorar í þessum efnum og láti flytja málið sem stjórnarfrumvarp, svo að það nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi.“

## Fylgiskjal.

### LANDLÆKNIR

22. október 1951.

#### Um stofnun nýs læknishéraðs fyrir Höfðakaupstað og nágrenni.

Hér með aftur bréf oddvitans í Höfðakaupstað, dags. 3. þ. m., ásamt fylgiskjölunum, þar sem bornar eru fram óskir Skagastrendinga um stofnun nýs læknishéraðs fyrir Höfðakaupstað og nágrenni. Nágrenni það, sem um ræðir, er fyrst og fremst Höfðahreppur utan kaupsins og Skagahreppur, en samkvæmt skjölunum var á huldu, hvort íbúar Vindhælishrepps óskuðu að teljast til hins nýja héraðs eða ekki. Til að taka af tvímæli um það, bar ég málið undir oddvita Vindhælishrepps, sem svaraði með bréfi, dags. 18. þ. m., er hér með fylgir í eftirriti. Er niðurstaðan sú, að einungis 3 eða 4 bæir í Vindhælishreppi mundu telja sér hagkvæmari læknis-sókn til Höfðakaupstaðar en til Blönduóss.

Þó að ekki væri nema um tvo hreppa að ræða, er gengju til hins nýja héraðs, Höfðahrepp og Skagahrepp, yrði íbúatala héraðsins samkvæmt manntali um síðustu áramót, er hagstofan hefur látið mér í té, 764 manns og þar af í þéttbýli, þ. e. í Höfðakaupstað, 570 manns. Eru a. m. k. 9 læknishéruð landsins fámennari, og sum svo að miklu nemur, og á 3 héruðum öðrum munar minnstu um fólksfjölda, þó að litlu einu séu fjölmennari, en æðimörg þessara héraða drjúgum betur sett með tilliti til þess að ná til næsta læknis, annars en héraðslæknis síns. Þó að þessir tveir hreppar gengju undan Blönduóshéraði, yrði það enn vænt hérað (1450 íbúar) og starfssvið læknis þar kappnóg, einkum þar sem gera má ráð fyrir, að á hans höndum hvíli sjúkrahúslæknisstörf fyrir bæði héruðin. Eftir þeirri stefnu, sem Alþingi hefur margsýnt, að það vill fylgja um læknaskipun í landinu, hagar því hér svo til, að ekki virðist verða staðið gegn kröfunni um stofnun þessa nýja héraðs. Er nú og svo komið, að héraðslæknirinn á Blönduósi telur sig þurfa að hafa aðstoðarlækni á ríkislaunum vegna Höfðakaupstaðar, enda gerir ráð fyrir því, að aðstoðarlæknirinn sitji þar, a. m. k. yfir veturinn. Verður sýnilega ekki til lengdar numið staðar við þá skipun, enda kemur í líkan stað niður fyrir ríkissjóð hvað launagreiðslur snertir, hvort aðstoðarlækni er greitt eða sjálfstæðum héraðslækni. Hins vegar er því ekki að leyna, að stofnun héraðslækniseimbættis fylgir þá og þegar sú kvöð að veita tilskilinn styrk til læknisbústaðar.

Í samræmi við það, er að framan segir, hef ég tekið saman hjálagt frumvarp um stofnun umrædds læknishéraðs. Varðandi Vindhælishrepp hef ég kosið að leysa málið þannig að gera íbúum hreppsins utan Hafursstaðaár þess jafnan kost að vitja læknis til Höfðakaupstaðar og Blönduóss, og eru ýmis fordæmi fyrir slíku í læknaskipunarlögunum. En jafnan fer betur á því, að hreppum sé að öðru leyti ekki skipt á milli læknishéraða.

Vilm. Jónsson.